

**Nd.**

**418. Breytingartillögur**

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 34. gr. Greinin orðist þannig:

Ekki getur eigandi eða umráðamaður bannað, að óræktað land sje tekið til ræktunar eftir kafla þessum, nema svo sje ástætt sem hjer segir:

- a Að hann hafi sjálfur gert viðbúnað til að rækta landið á einhvern veg eða færi sönnur á, að landið sje honum nauðsynlegt vegna annara afnota.

- b. Að landið sje sannanlega öðrum ljeð til ræktunar.
  - c. Að á því landi sjeu einhverjar minjar eða sjerstök náttúruprýði, sem hann vill eða ætlar að friða.
2. Við 38. gr. Aftan við greinina bætist:
- Jafnan skal gripaheld girðing um þann hluta landsins, sem ræktaður er.